


Eyjólfur J. Eyfells

EYJÓLFUR J. EYFELLS

„Ótvírætt náttúrubarn í list sinni“



Nokkrar mynda Eyjólfs Eyfells sem eru á yfirlitssýningunni á Kjarvalsstöðum

Morgunblaðið/Þorkell

Yfirlitssýning á verkum Eyjólfs J. Eyfells listmálara var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær, laugardaginn 4. október.

Eyjólfur J. Eyfells fæddist í Seljalandsseli undir Eyjafjöllum 6. júní 1886. Foreldrar hans voru Jón Sigurðsson bóndi og Guðríður Eyjólfsdóttir og var Eyjólfur einn af átta systkinum. Aðeins 6 vikna gamall fluttist Eyjólfur í Árnessýsluna, að Súluholti í Flóa, þar sem hann átti heima svo til samfellt til tvítugs. Hann stundaði alla almenna sveitavinnu og sjóróðra á þessum árum. Tvítugur að aldri réð Eyjólfur sig í vinnumennsku til séra Einars Pálssonar í Gaulverjabæ og var þar í tvö ár. Þar kynntist Eyjólfur Ingibjörgu dóttur Einars sem síðar varð kona hans.

Þriggja vikna fermingarundirbúningur var eina almenna skólaganga Eyjólfs. Í viðtali sem Morgunblaðið átti við Eyjólf vegna yfirlitssýningar í Casa Nova sem opnuð var í tilefni af 85 ára afmæli hans kemur meðal annars fram að honum finnist að í raun og veru hafi hann ekkert haft að gera með lengri skólagöngu. Fróðleiks hafi hann aflað sér smám saman með lestri og aukinni lífsreynslu. Eyjólfur segir þó að hann hefði mátt - sér að skaðlausu - fá meiri menntun í málaralist.

Eyjólfur hafði gaman af því að teikna strax þegar hann var barn og var farinn að teikna áður en ég kunni að draga til starfs. Í byrjun notaði hann eingöngu blýant, en síðar eignaðist hann liti. Fyrsti liturinn sem Eyjólfur eignaðist var blákrít, sem annars var notuð til þess að lita fé.

Eftir að hafa verið tvö ár sem vinnumaður hjá séra Einari fór Eyjólfur til Reykjavíkur í þeim tilgangi að læra eitthvað í teiknun. Hann var í þrjú ár hjá Stefáni Eiríkssyni myndskera og fór síðan til Þýskalands og lærði hjá E. O. Simonsen Castelli í Dresden. Eyjólfur sagðist hafa lært mikið hjá þessum tveimur mönnum og þeir hafi báðir verið góðir kennarar.

Árið 1921 giftust Eyjólfur og Ingibjörg dóttir séra Einars. Þau eignuðust fjögur börn, Einar, Jóhann, Kristínu og Elínu. Eyjólfur og Ingibjörg bjuggu allan sinn búskap að Skólavörðustíg 4, þar sem Ingibjörg rak hannyrðaverslun.

Eyjólfur sagði eitt sinn að einhver héldi verndarhendi yfir honum og hafi hjálpað honum ótal sinnum í lífinu á óskiljanlegan hátt og jafnvel bjargað honum úr lífsháska oftar en einu sinni. Hann sagði í áðurnefndu viðtali að hann hafi mikinn áhuga á þesum dulrænu efnum og hafi sótt fjöldan allan af miðilsfundum um ævina. „Stundum hef ég ferðast utan líkama míns á feikilegum hraða um víða veröld“.

Árið 1914 ákvað Eyjólfur að gera myndlistina að sínu ævistarfi og á sínum langa starfsaldri hélt hann margar sýningar á verkum sínum hér á landi. Eyjólfur tók einnig þátt í fjölda samsýninga. Fyrstu sýninguna hélt hann 1919 í KFUM-húsinu í Reykjavík.

Eina málverkasýningu hélt Eyjólfur í Brook Street Art Gallery í London. Í blaðagrein frá fimmtudeginum 16. júlí 1936 er þess getið að grein hafi birst í breska listatímaritinu „Studio“ um sýninguna. Þar kom þetta m.a. fram:„Listvinum í London gafst kostur á að sjá dálítið nýtt og sérkennilegt, þar sem var sýning Eyjólfs J. Eyfells á 40 málverkum frá Íslandi, sem nýlega var haldin í Brook Street Art Gallery. Þessi svölu vötn og láxár, bláu fjöll og undarlegu gnýpur og hamratindar, þessir einangruðu bæir, þessi litlu fiskiþorp og þessar hamrastrendur búa yfir alvarlegri og jafnvel ógnandi fegurð, sem Eyfells hefir tekist að sýna af dugnaði og skilningi. Hann hefir verið alveg sérstakelga heppinn, þegar hann málar hin undursamlegu ljósáhrif, sem ljá hinu skammvinna norræna sumri alla sýna dýrð“.

Listgagnrýnandinn Ian Gordon ritaði einnig um sýningu Eyfells í „The Observer“ í maí 1936. Hann segir að fáir mundu gera sér í hugarlund, að það táknræna landslag sem Leonardo da Vinci hafi valið sér sem bakgrunn fyrir Monu Lisu mundi koma fram á nútímalistaverkum. Síðar segir hann: „En áreiðanlega voru margar af landslagsmyndum þeim, er Eyjólfur Eyfells sýndi í Brook Street Gallery, sem komu manni til að hugsa að þessi sextándu aldar málari hefði séð Ísland í draumi. Samt sem áður málar Eyfells þessar myndir af föðurlandi sínu að því er virðist ótruflaður af endurminningum um Leonardo. Með fullum og föstum norrænum pensiltökum málar hann þessar dularfullu auðnir föðurlands síns og með því að forðast ótímabærar áherslur tekst honum að láta þær verka skýrt og lifandi á áhorfanda“.

Þegar Eyjólfur var 89 ára gamall var haldin yfirlitssýning á verkum hans á Kjarvalsstöðum. Bragi Ásgeirsson listgagnrýnandi fjallaði um sýninguna í Morgunblaðinu miðvikudaginn 2. júlí 1975. „Eyjólfur Eyfells er ótvírætt náttúrubarn í list sinni, hann málar líkt og honum dettur í hug hverju sinni, öllum óðháður.“ segir Bragi í grein sinni. „Óháður skólum og stefnum og lætur sig litlu skipta álit og skoðanir starfsbræðra sinna og sem slíkur hefur hann skapað sér nokkra sérstöðu. Við getum líklega fyrir sumt skilgrein hann sem natúralista, a.m.k. að því leyti að hann umskapar og stíliserar ekki náttúruna, heldur málar hlutina eins og hann sér þá“...„Eyjólfur J. Eyfells er spritisti og telur sig muna glefsur úr fyrri jarðvist. Hann telur sig m.a. hafa stigið það skref til þroska að hafa að fullu og öllu skilið við hinn leiða löst mannkynsins ágirndina. Ég veit ekki hvað til er í þessu, en a.m.k. bera myndirnar á sýningunni þess vott, að höfundur þeirra er algjörlega laus við hroka og ágirnd. Og sem slíkar eru þær opnar og ljúfar í viðkynningu“.

Eyjólfur J. Eyfells listmálari lést í ágúst árið 1979, nítíu og þriggja ára að aldri.